

## Starfsreglur stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Samkvæmt ákvæðum einkahlutafélagalaga nr. 138/1994 og samþykktu félagsins er gert ráð fyrir að stjórn félagsins setji sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Hver stjórnarmaður í Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. skal fá þessar starfsreglur í hendur til að hann geti kynnt sér hvernig stjórnin starfar og einnig til þess að honum sé ljós sú ábyrgð sem á honum hvílir.

### 1. Ábyrgð stjórnarmanna

Stjórnarmenn félagsins skulu kynna sér samþykktir félagsins, auk þess sem gert er ráð fyrir að þeir kynni sér ákvæði laga um einkahlutafélög. Ábyrgð stjórnarmanna felst einkum í eftirfarandi:

- Að miða störf sín í stjórninni við hag félagsins og láta ekki undir neinum kringumstæðum eigin hagsmuni ráða gerðum sínum.
- Að gæta þagmælsku um trúnaðarmál.
- Að gæta þess að réttur sé ekki brotinn á þeim aðilum sem með einum eða öðrum hætti tengjast félaginu.
- Að sjá til þess að innra eftirlit félagsins sé fullnægjandi. Með því er m.a. átt við eftirlit með framkvæmdastjóra, bókhaldi og fjárreiðum.
- Að skattskýrslum og öðrum skýrslum sé skilað til hins opinbera og að staðið sé í skilum með opinber gjöld og aðrar skuldbindingar.
- Að aflað sé þeirra gagna sem nauðsynleg eru við að meta fjárhagsstöðu félagsins á hverjum tíma.
- Að fjalla um fjárhagsáætlanir og leggja mat á þær.
- Að fylgjast með því að tilkynningar um breytingar á skráningu félagsins séu sendar til hlutafélagaskrár.
- Að hafa vakandi auga með rekstri og fjárhagsstöðu félagsins og grípa inn í á viðeigandi hátt í tæka tíð, hvenær sem þörf krefur.

Stjórn félagsins fer einu sinni á ári yfir hvernig staðið er að upplýsingagjöf til stjórnarinnar og samþykkir breytingar, eftir því er þurfa þykir.

### 2. Meginhlutverk stjórnar

- a) Stjórn mótar stefnu félagsins til lengri tíma litið með samþykktir félagsins og fyrirmæli hluthafafunda að leiðarljósi. Ennfremur hefur hún eftirlit með því að henni sé fylgt.
- b) Stjórn skal jafnt fjalla um mál sem falla undir daglegan rekstur auk mikilvægari mála.
- c) Stjórn tekur afstöðu í öllum mikilvægum málum félagsins. Mikilvæga ákvörðun má ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur, sbr. 47. gr. laga um einkahlutafélög.
- d) Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins auk framkvæmdastjóra og ritar firma þess eins og nánar greinir í samþykktum félagsins.

### 3. Meginhlutverk framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn félagsins. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum. Hann hefur yfirumsjón með faglegu starfi innan stofnunarinnar og vinnur að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn.

### 4. Kjör formanns, varaformanns og ritara

Formaður og varaformaður eru kosnir á aðalfundi ár hvert. Stjórn kýs sér ritara.

### 5. Stjórnarfundir og boðun þeirra

Stjórnarformaður undirbýr stjórnarfundir í samráði við framkvæmdastjóra og sér til þess að dagskrá og fylgigögn séu send út eigi síðar en fimm dögum fyrir stjórnarfund. Fyrir þann tíma skulu stjórnarmenn koma á framfæri beiðnum um að taka mál á dagskrá. Leitast skal við að stjórnarmenn hafi fengið þau gögn í hendur, sem ekki voru tiltæk við útsendingu dagskrár a.m.k. daginn fyrir stjórnarfund. Mál sem tekin eru upp undir dagskrárliðnum önnur mál verða ekki endanlega afgreidd ef beiðni um frestun kemur fram. Öll gögn fyrir stjórnarfundir eru send á aðal- og varamenn.

Heimilt er að halda stjórnarfundum sem staðfundum eða eða fjarfundum. Staðfundur skal halda á lögheimili félagsins eða á öðrum stað veiti allir stjórnarmenn samþykki sitt til þess.

Meirihluti stjórnaratkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarfundur skal halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Stjórnarmenn skulu boða forföll með nægjanlegum fyrirvara svo boða megi varamenn. Aksturkostnaður fundarmanna skal greiddur samkvæmt reglum og taxa RSK hverju sinni.

Stjórn félagsins skal halda fundargerðir í númeraröð, þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnarformaður sem ekki er sammála, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

Stjórnarformaður skal sjá til þess að við fyrsta hentugleika sé endurrit fundargerða sent til stjórnarmanna. Fundargerðir frá stjórnarfundum skulu birtar á vefnum [www.menntaborg.is](http://www.menntaborg.is) eigi síðar en viku eftir stjórnarfund.

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um umræður sem verða á stjórnarfundum. Þeir eru hins vegar ekki bundnir þagnarskyldu varðandi lyktir mála nema það snerti viðskiptaleyndarmál og verður þá stjórnin að ákveða það hverju sinni.

Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent sem stjórnarmaður og tryggja eyðingu þeirra með öruggum hætti þegar ekki er lengur þörf á þeim í tengslum við meðferð mála hjá stjórn.

Stjórn skal starfa eftir starfsáætlun. Starfsáætlun sú sem lagt er upp með gengur út frá því að haldnir verði að jafnaði sjö stjórnarfundir á ári. Stjórnin getur komið saman oftár ef þurfa þykir. Fulltrúar stjórnar skipa jafnframt sæti í skólanefnd. Fundir í skólanefnd eru haldnir tvisvar á ári. Framkvæmdastjóri skal á hverjum fundi greina frá starfsemi félagsins frá síðasta fundi í stórum dráttum. Fjárhagsuppgjör skal fara fram á þriggja mánaða fresti og það lagt fyrir og rætt á stjórnarfundum.

Stjórnarlaun og samþykkt þeirra á aðalfundi; Tillaga að stjórnarlaunum skal lögð fram og samþykkt á aðalfundi fyrir hvert ár í senn.

## **6. Gæðamál**

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Innra mati Menntaskóla Borgarfjarðar er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Stjórn skal upplýst um niðurstöðu innra og ytra mats Menntaskóla Borgarfjarðar hverju sinni.

## **7. Breytingar á starfsreglum**

Starfsreglum þessum má breyta með samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

Samþykkt á stjórnarfundum Menntaskóla Borgarfjarðar ehf., 18. maí 2021.

## Starfsáætlun

### **Febrúar - stjórnarfundur**

Drög að ársreikningi lögð fram

### **Mánaðamót febrúar/mars- stjórnarfundur**

Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Aðalfundur undirbúinn

### **Lok apríl - aðalfundur**

Kosning nýrra stjórnarmanna á 4 ára fresti. Kosning formanns og varaformanns ár hvert.

Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

### **Fyrripartinn í maí - stjórnarfundur**

Farið yfir þriggja mánaða uppgjör

Skólastarfið

### **Fyrripartinn í maí - skólanefndarfundur**

Skóladagatal næsta skólaárs lagt fram til samþykktar

Námsframboð næsta skólaárs

Umræða um skólastarfið **Um miðjan ágúst (15. - 18.) - stjórnarfundur**

Farið yfir sex mánaða uppgjör

Skólastarfið

### **Mánaðamót september/október - stjórnarfundur**

Drög að fjárhagsáætlun næsta árs og þriggja ára áætlun lögð fram

Upphaf skólaárs

### **Fyrsta vikan í nóvember - stjórnarfundur**

Farið yfir níu mánaða uppgjör. Útkomuspá

Fjárhagsáætlun næsta árs og þriggja ára áætlun samþykkt

Skólastarfið

Undirbúningur markaðsstarfs fyrir næsta starfsár

### **Fyrsta vikan í nóvember - skólanefndarfundur**

Skólastarfið

Skóladagatal næsta skólaárs lagt fram til samþykktar

Námsframboð næsta skólaárs

Umræða um skólastarfið og gæðamál

*Fundargerðir stjórnar og skólanefndar eru sendar til Borgarbyggðar á netfangið [borgarbyggd@borgarbyggd.is](mailto:borgarbyggd@borgarbyggd.is) og einnig birtar á vefnum [menntaborg.is](http://menntaborg.is) í síðasta lagi viku eftir stjórnarfund.*

*Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri sitji alla stjórnarfundum.*

*Framkvæmdastjóra er heimilt að kalla til aðra starfsmenn skólans eftir þörfum.*



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**